



# 2019

**Athugið!** «Ársyfirlit» í jarðsetningarskýrslukerfinu sýnir allar greiðslur frá KGSÍ til kirkjugarða frá 2010 og til presta frá 2012. Neðst á ársyfirlitinu má einnig sjá samandregnar niðurstöður um greiðslu umhirðugjalds og greftrunargjalds til viðkomandi garðs, ásamt greiðslum til presta og kirkjugarðasjóðs (8%).

## Upplýsingar um fjármál kirkjugarða.

Tekjakerfi kirkjugarða á Íslandi breyttist 1. janúar 2005. Frá þeim tíma hefur tvennt ráðið greiðslu til kirkjugarða:

a) **Umhirðugjald** (fermetrastærð grafarsvæða og fl. sjá neðar). **Umhirðugjald** er ekki áætlun heldur ákveðin krónutala sem greidd er á fermetra á grafarsvæðum. Þetta fermetragjald breytist samkvæmt þróun verðlags á milli ára. KGSÍ greiðir umhirðugjald mánaðarlega tvöfalt í febrúar og áfram til desember. Umhirðugjald er mismunandi hátt eftir flokkum enda eru mismunandi rekstrarþættir sem standa þar að baki. Í flokkum 1 – 3 er gjaldið nær eingöngu að standa straum af gróðurumhirðu en eftir því sem ofar dregur bætast fleiri rekstrarþættir inn, s.s. húsnæðiskostnaður, launagreiðslur, stjórnunarkostnaður o.fl. Orðið „umhirðugjald“ er að þessu leyti nokkuð villandi.

**Gríðarleg skerðing umhirðugjalds á árunum 2009-2019 hefur í raun eyðilagt það gjaldalíkan sem sett var á laggirnar 2005. Framlag ríkisins er langt undir kostnaði við rekstur kirkjugarða.**

b) **Greftrunargjald** (grafartaka og prestsþjónusta). **Greftrunargjald** er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu. KGSÍ greiðir til kirkjugarða 15. hvers mánaðar þær jarðsetningar sem fram fóru í mánuðinum á undan. **KGSÍ greiðir þóknun presta beint án viðkomu í þeim kirkjugarði sem jarðsett er í.**

Þeir sem ekki hafa fengið aðgang að skýrslukerfinu hafi samband við Arnfinn R. Einarsson í síma 585-2721 eða Smára Sigurðsson í síma 462-2613.

**Gríðarleg skerðing greftrunargjalds á árunum 2009-2019 og hækkun gjaldskrár presta hafa í raun eyðilagt það gjaldalíkan sem sett var á laggirnar 2005. Framlag ríkisins er langt undir kostnaði við grafartöku, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.**

**KGSÍ greiðir greftrunargjaldið 15. hvers mánaðar.** Dæmi: Ef jarðsett er í kirkjugarði 5. febrúar og jarðsetningarskýrsla er send inn fyrir 5. dag næsta mánaðar, í þessu dæmi 5. mars, greiðir KGSÍ viðkomandi kirkjugarði. Jarðsetningar í desember eru greiddar 15. janúar.

## 2019

Brúttóframlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2018 er kr. 1.242.600.000. Einingarverð umhirðu og grafartöku hefur raunlækkað gríðarlega frá 2009 og þau standa ekki lengur undir rekstri kirkjugarða og útlögðum kostnaði við grafartöku og prestsþjónustu.

Hvernig skiptist framlagið eins og það kemur frá ríkinu? Kr. 914.553.600 eru ætlaðar í fastar greiðslur (umhirða) sem á að kosta almennan rekstur kirkjugarða að undanskildum kostnaði við grafartöku og prestsþjónustu. Til greftrana og prestsþjónustu er varið kr. 182.910.720, til bálstofu

kr. 45.727.680 og til kirkjugarðasjóðs fara 8% af heildarupphæð kr. 99.408.000. Samtals kr. 1.242.600.000. Af þeirri tölur fara 8% eða kr. 90.576.000 til kirkjugarðasjóðs eins og áður sagði.

#### Greiðslur til kirkjugarða frá KGSÍ í jan. og febr. 2019.

Síðastliðna 2mánuði, þ.e. janúar, febrúar 2019 greiddi KGSÍ **umhirðugjald** samkvæmt gjaldskrá 2018 vegna þess að einingaverð umhirðu hafði ekki verið ákveðið en frá og með 15. mars verður greitt skv. gjaldskrá 2019 og út árið. **Greftrunargjaldið** var greitt skv. taxa 2019 í jan. og febr. Leiðréttingar vegna umhirðu sem greiddar voru fyrr á árinu skv. taxa 2018 verða greiddar til kirkjugarða með umhirðugreiðslunni 15. mars.

**Ársreikningar kirkjugarða.** Gera skal grein fyrir tekjum og gjöldum á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert. Samkvæmt fyrirætlunum frá Ríkisendurskoðun þurfa kirkjugarðar að gera grein fyrir brúttóupphæð sem reiknuð er á hvern kirkjugarð og er framlag ríkisins. Er hér átt við að í ársreikningi sé gerð grein fyrir því sem hver kirkjugarður fær í umhirðugjald + greftrunargjald + prestspóknun + framlag til kirkjugarðasjóðs (8% af heild 2018). Þetta má glögglega sjá í «ársyfirliti».

Komi greiðsla vegna greftrunar á nýliðnu ári inn á reikning kirkjugarðs eftir að búið er að ganga frá ársreikningi skal taka þá greiðslu með því ári sem greiðslan berst.

#### Nýja skráningarkerfið.

Vakin er athygli á því að hægt er að sjá greiðsluhreyfingar vegna jarðsetninga og prestsþjónustu frá KGSÍ jafnóðum undir „greiðslur til garða“ í nýja skráningarkerfinu. Þar er hægt að sjá hreyfingar síðustu ára og þær færslur sem koma inn á yfirstandandi ári.

**Fjárhagsáætlun kirkjugarða 2019.** Þeir kirkjugarðar sem gera fjárhagsáætlun eða greiðsluáætlun geta séð föstu greiðslurnar (umhirðuna) á slóðinni: [www.gardur.is/2019](http://www.gardur.is/2019), bæði mánaðarlega og allt árið 2019. Einnig er hægt að sjá lista yfir flokkun kirkjugarða á slóðinni á sömu slóð.

#### Tímabundin vandræði með afstemmingu milli bókhalds KGSÍ og bókunarkerfis gardur.is.

Eftir áramótin bar á því að greiðslur á ársyfirliti kirkjugarða stemmdu ekki við það sem kirkjugarðar höfðu fengið greitt frá KGSÍ. Unnið hefur verið að afstemmingu og má segja að henni sé lokið og nú eigi þetta að stemma saman. Ástæðan fyrir þessum mismun var sú að ekki höfðu öll gögn úr bókhaldi borist forriturum nýja bókunarkerfisins.

Hér fyrir neðan eru nógildandi einingaverð til kirkjugarða. Vakin er athygli á því að umhirðutekjur **hækka um 10,5%** milli árana 2018 og 2019 en grafartekjur ekki nema um tæpt prósent. Þóknun presta við útfarir hefur hækkað gríðarlega frá 2013 til des. 2016 en staðið í stað síðan. Hækkunin nemur 80% á þessu tímabili. **Kirkjugarðar landsins hafa ekki fengið aukið framlag vegna þessara hækkana.** Þetta eykur enn á rekstrarvanda kirkjugarða og hafa margir garðar þurft að taka af umhirðugreiðslunum til að geta greitt verktökum fyrir grafartöku og eru þær greiðslur oft langt undir taxa. Stjórn KGSÍ og sérstök nefnd á vegum KGSÍ reyndi að fá alþingismenn til að skoða rekstrarvanda kirkjugarða og dómsmálaráðuneytið sem er fagráðuneyti kirkjugarða. Fjárlaganefnd sýndi skilning með því að afgreiða aukafjárveitingu að upphæð 50 m.kr. til málaflokksins. Sú viðbót er skýringin á hækkun umhirðu milli árana 2018 og 2019.

**Tekið skal fram að kirkjugarðar hafa í raun ekki getað tekið á sig þær hækkningar sem orðið hafa á gjaldskrá presta. Þessi auknu útgjöld hafa haft það í för með sér að verktakar við grafartöku og þeir kirkjugarðar, sem eru með eigin vélakost og mannafla, hafa fengið að sama skapi minna af grafarverðinu og það hefur bitnað á verktökum og afkomu þeirra kirkjugarða, sem eru með eigin vélaúthald. Þeir hafa haft minna upp í kostnað við laun og**

rekstur véla og tækja. Ef frekari hækkunir verða á yfirstandandi ári verður ekki að óbreyttu hægt að greiða þær.

## Fermetrar og umhirðugjald í m<sup>2</sup>

Flokkar kirkju- garða	Fermetrar		Fermetrar 2019
	2018	Aukning	
1	86.360	51	86.411
2	96.265	159	96.424
3	96.410	234	96.644
4	82.685	267	82.951
5	72.197	306	72.503
6	60.734	804	61.538
7	107.048	1.326	108.374
8	49.957	938	50.895
9	159.103	2.232	161.335
10	516.680	5.447	522.127
11	14.352	341	14.693
Samtals	1.341.790	12.102	1.353.892

Fl.	Tillaga að		
	Umhirða á fm. 2018	breytingu frá fyrri ári	Umhirða á fm. 2019
1	155 kr.	10,56%	171 kr.
2	155 kr.	10,56%	171 kr.
3	231 kr.	10,56%	255 kr.
4	378 kr.	10,56%	418 kr.
5	537 kr.	10,56%	594 kr.
6	641 kr.	10,56%	709 kr.
7	641 kr.	10,56%	709 kr.
8	797 kr.	10,56%	881 kr.
9	797 kr.	10,56%	881 kr.
10	797 kr.	10,56%	881 kr.
11	818 kr.	10,56%	904 kr.

## Grafargjald 2019

Fl.	Grafargjald kistur 2018	Grafargjald kistur 2019	Br. í %
1	97.790 kr.	98.653 kr.	0,9%
2	97.355 kr.	98.218 kr.	0,9%
3	97.280 kr.	98.143 kr.	0,9%
4	89.049 kr.	89.818 kr.	0,9%
5	87.904 kr.	88.674 kr.	0,9%
6	86.844 kr.	87.613 kr.	0,9%
7	86.822 kr.	87.591 kr.	0,9%
8	87.704 kr.	88.473 kr.	0,9%
9	81.789 kr.	82.486 kr.	0,9%
10	83.193 kr.	83.890 kr.	0,8%

Fl.	Grafargjald duft 2018	Grafargjald duft 2019	Br. í %
1	70.599 kr.	71.006 kr.	0,6%
2	70.164 kr.	70.571 kr.	0,6%
3	70.089 kr.	70.496 kr.	0,6%
4	68.265 kr.	68.672 kr.	0,6%
5	67.120 kr.	67.528 kr.	0,6%
6	66.060 kr.	66.467 kr.	0,6%
7	66.038 kr.	66.445 kr.	0,6%
8	66.920 kr.	67.327 kr.	0,6%
9	65.868 kr.	66.275 kr.	0,6%
10	67.272 kr.	67.679 kr.	0,6%
11	65.398 kr.	65.805 kr.	0,6%

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um fjármál kirkjugarða geta sent inn fyrirspurn á tölvupóstfangið [thrag@kirkjugardar.is](mailto:thrag@kirkjugardar.is) og henni verður svarað eftir bestu getu. Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 585-2700 (Helga, Margrét eða Þórsteinn).

Reykjavík, 8. mars 2019.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður.